

IS

IS

IS



FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA

Brussel, XXX

Drög

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) NR .../2009

frá [...]

um breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 um setningu framkvæmdareglna fyrir lofthæfis- og umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja

(Texti sem viðkemur EES)

Drög

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) NR .../...

frá

um breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 um setningu framkvæmdareglna fyrir lofthæfis- og umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja

(Texti sem viðkemur EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

Með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, sérstaklega grein 80 (2),

Með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins frá 20. febrúar 2008 nr. 216/2008/EB, um almennar reglur á sviði almenningsflugs, stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, og afnám tilskipunar Evrópuráðsins 91/670/EBE, reglugerðar nr. 1592/2002/EB, og tilskipunar 2004/36/EB,¹ einkum gr. 5(5),

Að teknu tilliti til eftirfarandi:

- (1) Til þess að viðhalda háu samræmdu flugöryggisstigi í Evrópu er nauðsynlegt að innleiða breytingar á kröfum og ferlum fyrir vottun á loftförum og skyldum búnaði, íhlutum og búnaði sem og hönnunar- og framleiðslufyrirtækjum, sérstaklega til að útfæra reglurnar sem tengjast útgáfu takmarkaðra tegundarskírteina og takmarkaðra lofthæfisskírteina.
- (2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 ætti því að breyta til samræmis;
- (3) Aðgerðir þær sem kveðið er á um í þessari reglugerð byggja á álitinu² sem er gefið út af Flugöryggisstofnun Evrópu (hér eftir nefnd 'stofnunin') í samræmi við greinar 17(2)(b), og 19(1) reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- (4) Þær aðgerðir sem eru tilgreindar í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar sem var stofnsett með gr. 65 reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. grein

Reglugerð (EB) nr. 1702/2003 er hér með breytt sem hér segir:

1. Nýrri grein 2f er bætt við á eftirfarandi hátt:

“Grein 2f

Samþykki loftfarshönnunar

¹ OJ L 79, 19.03.2008, bls.1

² Álit 03/2009 varðandi ‘Takmörkuð tegundarskírteini og takmörkuð lofthæfisskírteini’.

Sérstakar forskriftir vegna lofthæfis sem gefnar eru út af stofnuninni eða ákveðnar af reglugerð (EB) 1702/2003 [*gildistaka þessarar breytingar á reglugerð*] skulu skoðast sem heimild á loftfarshönnun fyrir viðeigandi loftfar.

2. Viðaukanum (Lið -21) er breytt samkvæmt viðaukanum við þessa reglugerð.

2. grein

Reglugerð þessi öðlast gildi 20 dögum eftir að hún hefur verið auglýst í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel,

Fyrir hönd Framkvæmdastjórnarinnar

VIÐAUKI

1. Viðaukanum (Liður-21) við reglugerð (EB) nr. 1702/2003 er breytt sem hér segir:

(1) Í stað efnisyfirlitsins kemur eftirfarandi:

“Efni

21.1 Almennt

HLUTI A – TÆKNILEGAR KRÖFUR

UNDIRLIÐUR A — ALMENN ÁKVÆÐI

21A.1A Umfang

21A.1B Hugtakasafn

21A.2 Framkvæmt af öðrum einstaklingi en umsækjanda eða þess sem er handhafi skírteinis

21A.3 Brestir, bilanir og gallar

21A.3B Tilskipanir um lofthæfi

21A.4 Samræming á milli hönnunar og framleiðslu

UNDIRLIÐUR B — TEGUNDARSKÍRTEINI OG TAKMÖRKUÐ TEGUNDARSKÍRTEINI

21A.11 Umfang

21A.12 Takmarkað tegundarskírteini

21A.13 Hæfi

21A.14 Sannprófun á getu

21A.15 Beiting

21A.16A Lofthæfiskóðar

21A.16B Sérstakar aðstæður

21A.17 Grunnur fyrir tegundarvottun

21A.18 Tilgreining gildandi umhverfisverndarkrafa og vottunarforskrifta.

21A.19 Breytingar sem krefjast nýs tegundarskírteinis eða takmarkaðs tegundarskírteinis

21A.20 Samræmi á milli tegundarskírteinisgrunns og umhverfisverndunarkrafa

21A.21 Útgáfa tegundarskírteinis eða takmarkaðs tegundarskírteinis

21A.31 Hönnun tegundar

21A.33 Rannsókn og prófanir

21A.35 Flugprófanir

21A.41 Tegundarskírteini og takmarkað tegundarskírteini

21A.44 Skyldur handhafa

21A.47 Framsal

21A.51 Gildistími og áframhaldandi gildi

21A.55 Skjalahald

21A.57 Handbækur

21A.61 Leiðbeiningar fyrir áframhaldandi lofthæfi

(UNDIRLIÐUR C — Á EKKI VIÐ)

UNDIRLIÐUR D — BREYTINGAR Á TEGUNDARSKÍRTEINUM
OG TAKMÖRKUÐUM TEGUNDARSKÍRTEINUM

21A.90 Umfang

21A.91 Flokkun á breytingum í tegundarhönnun

21A.92 Hæfi

21A.93 Beiting

21A.95 Minniháttar breytingar

21A.97 Meiriháttar breytingar

21A.101 Tilgreining á gildandi vottunarforskriftum og kröfum
vegna umhverfisverndarsjónarmiða

21A.103 Samþykki

21A.105 Skjalahald

21A.107 Leiðbeiningar fyrir varanlegt lofthæfi

21A.109 Skyldur og EPA merking

UNDIRLIÐUR E — VIÐBÓTAR TEGUNDARSKÍRTEINI

21A.111 Umfang

21A.112A Hæfi

21A.112B Sannprófun getu

21A.113 Umsókn vegna viðbótar tegundarskírteinis

21A.113B Takmarkað viðbótar tegundarskírteini

21A.114 Sýnt fram á fylgni

21A.115 Útgáfa viðbótar tegundarskírteinis

21A.116 Framsal

21A.117 Breytingar á þeim hluta vöru sem á við um viðbótar
tegundarskírteini

21A.118A Skyldur og EPA merking

21A.118B Gildistími og áframhaldandi gildi

21A.119 Handbækur

21A.120 Leiðbeiningar fyrir áframhaldandi lofthæfi

UNDIRLIÐUR F — FRAMLEIÐSLA ÁN LEYFIS FRÁ
FRAMLEIÐSLUSTOFNUN

- 21A.121 Umfang
- 21A.122 Hæfi
- 21A.124 Beiting
- 21A.125A Útgáfa staðfestingar á samkomulagi
- 21A.125B Niðurstöður
- 21A.125C Gildistími og áframhaldandi gildi
- 21A.126 Eftirlitskerfi fyrir framleiðslu
- 21A.127 Prófanir: loftför
- 21A.128 Prófanir: vélar og hreyflar
- 21A.129 Skyldur framleiðanda
- 21A.130 Yfirlýsing um samræmi

UNDIRLIÐUR G — SAMÞYKKI FRAMLEIÐSLUSTOFNUNAR

- 21A.131 Umfang
- 21A.133 Hæfi
- 21A.134 Beiting
- 21A.135 Um samþykki framleiðslustofnunar
- 21A.139 Gæðakerfi
- 21A.143 Skýring
- 21A.145 Samþykkiskröfur
- 21A.147 Breytingar á samþykktri framleiðslustofnun
- 21A.148 Breytingar á staðsetningu
- 21A.149 Framsal
- 21A.151 Skilyrði samþykkis
- 21A.153 Breytingar á skilyrðum samþykkis
- 21A.157 Rannsóknir
- 21A.158 Niðurstöður
- 21A.159 Gildistími og áframhaldandi gildi
- 21A.163 Sérreittindi
- 21A.165 Skyldur handhafa

UNDIRLIÐUR H — LOFTHÆFISKÍRTEINI OG TAKMÖRKUÐ
LOFTHÆFISKÍRTEINI

- 21A.171 Umfang
- 21A.172 Hæfi
- 21A.173 Flokkun

- 21A.174 Beiting
- 21A.175 Tungumál
- 21A.177 Breyting eða lagfæring
- 21A.179 Framsal og endurútgáfa innan aðildarríkja
- 21A.180 Eftirlit
- 21A.181 Gildistími og áframhaldandi gildi
- 21A.182 Auðkenning loftfara
- 21A.183 Takmarkað lofthæfisskírteini byggt á sérstökum lofthæfisstöðlum – umsókn um hönnunarsamþykki
- 21A.185 Takmarkað lofthæfisskírteini byggt á sérstökum lofthæfisstöðlum – Tilgreining á sérstökum lofthæfisstöðlum og umhverfisverndarkröfum
- 21A.187 Takmarkað lofthæfisskírteini byggt á sérstökum lofthæfisstöðlum – Samræmi við sérstaka lofthæfisstaðla og umhverfisverndarkröfur
- 21A.189 Takmarkað lofthæfisskírteini byggt á sérstökum lofthæfisstöðlum – Hönnunarsamþykki loftfars
- 21A.191 Takmarkað lofthæfisskírteini byggt á sérstökum lofthæfisstöðlum – Skyldur handhafa hönnunarsamþykkis
- 21A.192 Takmarkað lofthæfisskírteini byggt á sérstökum lofthæfisstöðlum – útgáfa hönnunarsamþykkis og takmarkaðs lofthæfisskírteinis í tilfalli ógildingar eða afsals tegundarvottorðsins
- 21A.193 Takmarkað lofthæfisskírteini byggt á sérstökum lofthæfisstöðlum – Útgáfa takmarkaðs lofthæfisskírteinis sem afleiðing ógildingar tegundarvottorðsins
- 21A.195 Takmarkað lofthæfisskírteini byggt á sérstökum lofthæfisstöðlum – Hönnunarsamþykki vegna innihalds og lögmæti loftfars
- 21A.196 Takmarkað lofthæfisskírteini byggt á sérstökum lofthæfisstöðlum – Samþykki vegna breytinga á hönnun loftfars
- 21A.197 Takmarkað lofthæfisskírteini byggt á sérstökum lofthæfisstöðlum – samþykki vegna hönnunarviðgerða

UNDIRLIÐUR I — HLJÓÐSTIGSSKÍRTEINI

- 21A.201 Umfang
- 21A.203 Hæfi
- 21A.204 Beiting
- 21A.207 Breyting eða lagfæring
- 21A.209 Framsal og endurútgáfa innan aðildarríkja

21A.210 Eftirlit

21A.211 Gildistími og áframhaldandi gildi

UNDIRLIÐUR J — SAMÞYKKI HÖNNUNARSTOFNUNAR

21A.231 Umfang

21A.233 Hæfi

21A.234 Beiting

21A.235 Útgáfa hönnunarsamþykkis stofnunar

21A.239 Hönnunartryggingarkerfi

21A.243 Gögn

21A.245 Samþykkiskröfur

21A.247 Breytingar á hönnunartryggingarkerfi

21A.249 Framsal

21A.251 Skilyrði samþykkis

21A.253 Breytingar á skilyrðum samþykkis

21A.257 Rannsóknir

21A.258 Niðurstöður

21A.259 Gildistími og áframhaldandi gildi

21A.263 Sérreittindi

21A.265 Skyldur handhafa

UNDIRLIÐUR K — ÍHLUTIR OG BÚNAÐUR

21A.301 Umfang

21A.303 Samræmi við viðeigandi kröfur

21A.305 Samþykki íhluta og búnaðar

21A.307 Afhending íhluta og búnaðar fyrir uppsetningu

(UNDIRLIÐUR L — Á EKKI VIÐ)

UNDIRLIÐUR M — VIÐGERÐIR

21A.431 Umfang

21A.432A Hæfi

21A.432B Sannprófun getu

21A.433 Hönnunarviðgerðir

21A.435 Flokkun viðgerða

21A.437 Útgáfa samþykkis vegna hönnunarviðgerða

21A.439 Framleiðsla varahluta

21A.441 Útfærsla viðgerða

21A.443 Takmarkanir

- 21A.445 Óviðgert tjón
- 21A.447 Skjalahald
- 21A.449 Leiðbeiningar fyrir varanlegt lofthæfi
- 21A.451 Skyldur og EPA merking

(UNDIRLIÐUR N — Á EKKI VIÐ)

UNDIRLIÐUR O — LEYFI VEGNA EVRÓPSKRA
TÆKNIFORSKRIFTA

- 21A.601 Umfang
- 21A.602A Hæfi
- 21A.602B Sannprófun getu
- 21A.603 Beiting
- 21A.604 ETSO leyfi fyrir aukaafstöð (e. Auxiliary Power Unit - APU)
- 21A.605 Gagnakröfur
- 21A.606 Útgáfa ETSO leyfa
- 21A.607 ETSO leyfisréttindi
- 21A.608 Yfirlýsing vegna hönnunar og afkasta (Design and Performance - DDP)
- 21A.609 Skyldur handhafa ETSO leyfa
- 21A.610 Leyfi vegna frávika
- 21A.611 Hönnunarbreytingar
- 21A.613 Skjalahald
- 21A.615 Eftirlit af hálfu stofnunarinnar
- 21A.619 Gildistími og áframhaldandi gildi
- 21A.621 Framsal

UNDIRLIÐUR P — FLUGLEYFI

- 21A.701 Umfang
- 21A.703 Hæfi
- 21A.705 Lögbært yfirvald
- 21A.707 Umsókn um flugleyfi
- 21A.708 Flugskilyrði
- 21A.709 Umsókn um samþykki fyrir flugskilyrði
- 21A.710 Samþykki fyrir flugskilyrðum
- 21A.711 Útgáfa flugleyfis
- 21A.713 Breytingar
- 21A.715 Tungumál

- 21A.719 Framsal
- 21A.721 Eftirlit
- 21A.723 Gildistími og áframhaldandi gildi
- 21A.725 Endurnýjun flugleyfis
- 21A.727 Skyldur handhafa flugleyfis
- 21A.729 Skjalahald

UNDIRLIÐUR Q — AUÐKENNING FRAMLEIÐSLU, ÍHLUTA OG BÚNAÐAR

- 21A.801 Auðkenning vöru
- 21A.803 Meðhöndlun auðkennisgagna
- 21A.804 Auðkenning íhluta og búnaðar
- 21A.805 Auðkenning mikilvægra íhluta
- 21A.807 Auðkenning ETSO hluta

HLUTI B — FERLI FYRIR LÖGBÆR STJÓRNVÖLD

UNDIRLIÐUR A — ALMENN ÁKVÆÐI

- 21B.5 Umfang
- 21B.20 Skyldur lögbærra stjórnvalda
- 21B.25 Skyldur fyrir stofnun hinna lögbæru stjórnvalda
- 21B.30 Skjalfestar verklagsreglur
- 21B.35 Breytingar á skipulagi og ferlum
- 21B.40 Lausn deilumála
- 21B.45 Skýrslugjöf/samræming
- 21B.55 Skjalahald
- 21B.60 Lofthæfisreglugerðir

UNDIRLIÐUR B — TEGUNDARSKÍRTEINI OG TAKMÖRKUÐ TEGUNDARSKÍRTEINI

(UNDIRLIÐUR C — Á EKKI VIÐ)

UNDIRLIÐUR D — BREYTINGAR Á TEGUNDARSKÍRTEINUM OG TAKMÖRKUÐUM TEGUNDARSKÍRTEINUM

UNDIRLIÐUR E — VIÐBÓTAR TEGUNDARSKÍRTEINI

UNDIRLIÐUR F — FRAMLEIÐSLA ÁN LEYFIS FRÁ FRAMLEIÐSLUSTOFNUN

- 21B.120 Rannsókn
- 21B.125 Niðurstöður
- 21B.130 Útgáfa á samstarfssamningi
- 21B.135 Viðhald samstarfssamnings

21B.140 Breyting á samstarfssamningi

21B.145 Takmörkun, svipting og ógilding samstarfssamnings

21B.150 Skjalahald

UNDIRLIÐUR G — SAMÞYKKI FRAMLEIÐSLUSTOFNUNAR

21B.220 Rannsókn

21B.225 Niðurstöður

21B.230 Útgáfa skírteinis

21B.235 Áframhaldandi eftirlit

21B.240 Breyting á samþykki framleiðslustofnunar

21B.245 Svipting og ógilding á samþykki framleiðslustofnunar

21B.260 Skjalahald

UNDIRLIÐUR H — LOFTHÆFISKÍRTEINI OG TAKMÖRKUÐ LOFTHÆFISKÍRTEINI

21B.320 Rannsókn

21B.325 Útgáfa lofthæfisskírteina

21B.326 Lofthæfisskírteini

21B.327 Takmarkað lofthæfisskírteini

21B.328 Takmarkað lofthæfisskírteini byggt á sérstökum lofthæfisstöðlum – útgáfa hönnunarsamþykkis og takmarkaðs lofthæfisskírteinis í tilfalli ógildingar eða afsals tegundarskírteinisins

21B.330 Svipting og ógilding lofthæfisskírteina og takmarkaðra lofthæfisskírteina

21B.345 Skjalahald

UNDIRLIÐUR I — HLJÓÐSTIGSSKÍRTEINI

21B.420 Rannsókn

21B.425 Útgáfa hljóðstigsskírteina

21B.430 Svipting og ógilding hljóðstigsskírteinis

21B.445 Skjalahald

UNDIRLIÐUR J — SAMÞYKKI HÖNNUNARSTOFNUNAR

UNDIRLIÐUR K — ÍHLUTIR OG BÚNAÐUR

(UNDILIÐUR L — Á EKKI VIÐ)

UNDIRLIÐUR M — VIÐGERÐIR

(UNDIRLIÐUR N — Á EKKI VIÐ)

UNDIRLIÐUR O — LEYFI VEGNA EVRÓPSKRA TÆKNIFORSKRIFTA

UNDIRLIÐUR P — FLUGLEYFI

- 21B.520 Rannsókn
- 21B.525 Útgáfa flugleyfa
- 21B.530 Ógilding flugleyfa
- 21B.545 Skjalahald

UNDIRLIÐUR Q — AUÐKENNING FRAMLEIÐSLU, ÍHLUTA OG BÚNAÐAR

VIÐAUKAR — EASA EYÐUBLÖÐ”;

- (2) númerun atriðis 21A.1 er breytt í 21A.1A
- (3) nýju atriði 21A.113.B er bætt inn sem hér segir:

“21A.1B Hugtakasafn

Að því er varðar lið 21A.3 og lið 21A.3B, tegundarskírteini, takmörkuð tegundarskírteini, viðbótar tegundarskírteini, takmörkuð viðbótar tegundarskírteini, evrópskar tækniforskriftir (e. European Technical Standard Order - ETSO) og meiriháttar hönnunarviðgerðarsamþykktir er litið á sem 'meiriháttar hönnunarsamþykki'

- (4) atriði 21A.3 er skipt út fyrir eftirfarandi:

“21A.3A Brestir, bilanir og gallar

(a) Kerfi vegna söfnunar, rannsókna og greininga gagna. Handhafi mikils hönnunarsamþykkis verður að hafa kerfi sem safnar saman, rannsakar og greinir skýrslur og upplýsingar er varða bresti, bilanir og galla eða önnur atvik sem valda eða geta valdið skaðlegum áhrifum á áframhaldandi lofthæfi framleiðslunnar, íhlutar eða búnaðar sem tryggður er af mikla hönnunarsamþykkinu. Upplýsingar um þetta kerfi verða að vera aðgengilegar fyrir alla þá sem nota framleiðsluna, íhlutinn eða búnaðinn samkvæmt beiðni frá hverjum lögbærum aðila samkvæmt framkvæmdarreglugerðum.

(b) Tilkynningar til stofnunarinnar.

1. Handhafi mikla hönnunarsamþykkisins eða hönnunarsamþykkisins skal samkvæmt 21A.191 tilkynna til stofnunarinnar alla bresti, bilanir, galla eða önnur atvik sem honum er kunnugt um varðandi framleiðslu, íhlut eða búnað sem tryggður er af meiriháttar hönnunarsamþykkinu eða hönnunarsamþykkinu samkvæmt 21A.191 og hefur haft þær afleiðingar eða getur haft þær afleiðingar að aðstæður verði ótraustar.
2. Þessar skýrslur skulu gerðar á þann hátt sem stofnunin ákveður eins fljótt og auðið er en ekki sendar seinna en 72 klukkustundum eftir auðkenningu hins mögulega óörugga ástands, nema óvenjulegar aðstæður hindri það.

(c) Rannsókn á tilkynntum atvikum.

1. Þegar tilkynningarskylt atvik samkvæmt málsgrein (b), eða samkvæmt 21A.129(f)(2) eða 21A.165(f)(2) er vegna ágalla í hönnun eða framleiðslugalla ber handhafa mikla hönnunarsamþykkisins eða hönnunarsamþykkisins eða viðeigandi

framleiðanda samkvæmt 21A.191 að rannsaka ástæðuna fyrir ágallanum og tilkynna til stofnunarinnar niðurstöður rannsóknarinnar og allar þær aðgerðir sem hann er að framkvæma eða ætlar að framkvæma til að laga ágallann.

2. Ef stofnunin telur að þörf sé á aðgerðum til að leiðrétta ágallann ber handhafa mikla hönnunarsamþykkisins eða hönnunarsamþykkisins eða framleiðanda eins og við á samkvæmt 21A.191 að leggja fram viðeigandi gögn til stofnunarinnar.
- (5) Í atriði 21A.3B, er atriði (c) skipt út fyrir eftirfarandi
- “(c) Þegar lofthæfistilskipun er gefin út af stofnuninni til að leiðrétta hinar ótraustu aðstæður sem talað er um í málsgrein (b), eða til að öðlast hæfni skoðunar ber handhafa meiriháttar hönnunarsamþykkisins að:
1. Leggja til viðeigandi leiðrétandi aðgerðir eða tilskildar rannsóknir, eða bæði, og leggja fram upplýsingar um þessar aðgerðir til stofnunar til samþykkis.
 2. Að loknu samþykki stofnunarinnar á tillögunum sem vísað er í undirgrein (1), koma á framfæri til allra þekktra rekstraraðila eða eigenda framleiðslunnar, íhluta eða búnaðar og að beiðni öllum þeim aðilum sem eru skuldbundnir til að fara að lofthæfistilskipuninni, viðeigandi lýsandi gögnum og leiðbeiningum.
- (6) atriði 21A.4 er skipt út fyrir eftirfarandi:

21A.4 Samræming á milli hönnunar og framleiðslu

Allir handhafar meiriháttar hönnunarsamþykkisins, hönnunarsamþykkisins samkvæmt 21A.191 eða samþykki vegna minniháttar viðgerðarhönnunar skulu starfa með framleiðslustofnunum eins og þörf krefur til að tryggja:

- (a) Fullnægjandi samræmingu á milli hönnunar og framleiðslu samkvæmt 21A.122 eða 21A.133 eða 21A.165(c)(2) eins og við á, og
 - (b) Viðeigandi stuðningur við áframhaldandi lofthæfi framleiðslunnar, íhluta eða búnaðar.
- (7) nýjum lið 21A.12 er bætt inn í sem hér segir:

“21A.12 Takmarkað tegundarskírteini

Takmarkað tegundarskírteini fyrir loftfar má nota þegar tegundarskírteini á ekki við og loftfarið er hannað fyrir tilgang þar sem stofnunin samþykkir frávik frá grunnkröfum viðauka I við grunnreglugerðina, eða vél eða hreyfill loftfars eru ekki með tegundarskírteini.”

- (8) atriði 21A.17 er skipt út fyrir eftirfarandi:

“21A.17 Tegundarvottunargrunnur

- (a) Tegundarvottunargrunnurinn sem liggur til grundvallar útgáfu tegundarskírteina og takmarkaðra tegundaskírteina skal samanstanda af:
 1. Viðeigandi lofthæfisreglur viðurkenndar af stofnuninni sem eru gildar á dagsetningu umsóknar fyrir viðeigandi skírteini:

- (i) Sé ekki annað tekið fram af stofnunninni; eða
 - (ii) Nema umsækjandi kjósi að höndla í samræmi við seinni tíma gildandi breytingar eða samkvæmt málsgreinum (c) og (d); eða
 - (iii) Fyrir takmörkuð tegundarskírteini, að undanskildum málsgreinum viðeigandi lofthæfisreglna sem stofnunin telur ekki viðeigandi fyrir þann tilgang sem loftfarið skal notast við og með mögulegum annars konar forskriftum.
2. Allar sérstakar aðstæður sem eru í samræmi við 21A.16B(a).
- (b) Umsókn um tegundarskírteini eða takmarkað tegundarskírteini fyrir stórar flugvélar og stórar þyrilknúnar vélar skal gilda í fimm ár og umsókn fyrir allar aðrar tegundir tegundarskírteina eða takmarkaðra tegundarskírteina skal gilda í þrjú ár, nema umsækjandi sýni fram á við umsókn að vara hans þarfnist lengri tíma fyrir hönnun, þróun og prófanir, og stofnunin samþykki lengri tíma.
 - (c) Í þeim tilfellum þar sem ekki hefur verið gefið út tegundarskírteini eða takmarkað tegundarskírteini, eða þar sem ljóst þykir að tegundarskírteini eða takmarkað tegundarskírteini verður ekki gefið út á þeim tíma sem tilgreindur er í málsgrein (b); getur umsækjandi:
 - 1. Lagt inn nýja umsókn fyrir tegundarskírteini eða takmarkað tegundarskírteini og farið að öllum kröfum samkvæmt málsgrein (a) í samræmi við upprunalegu umsóknina; eða
 - 2. Sótt um framlengingu á upprunalegu umsókninni og farið að viðeigandi lofthæfireglum sem áttu við á dagsetningu, valin af umsækjanda, þó ekki fyrr en dagsetningin sem er á undan dagsetningu útgáfu tegundarskírteinisins eða takmarkaða tegundarskírteinisins samkvæmt tímamörkum sem kveðið er á um í málsgrein (b) hinnar upprunalegu umsóknar.
 - (d) Ef umsækjandi kýs að fylgja eftir breytingu á lofthæfiskóðunum sem taka gildi eftir að umsóknin um tegundarskírteini eða takmarkaða tegundarskírteini hefur verið lögð inn, skal umsækjandi einnig fylgja eftir öllum öðrum breytingum sem stofnunin telur að hafi beina tengingu."

(9) atriði 21A.18 er skipt út fyrir eftirfarandi:

“21A.18 Auðkenning á viðeigandi umhverfisverndarkröfum og vottunarforskriftum

- (a) Viðeigandi hávaðakröfum fyrir útgáfu tegundarskírteinis eða takmarkaðs tegundarskírteinis fyrir loftfar er lýst samkvæmt ákvæðum kafla 1 viðauka 16, bindi I, hluta II Chicago samningsins:
 - 1. Fyrir hljóðseinar þotur, í bindi I, hluta II, köflum 2, 3 og 4, eins og við á;
 - 2. Fyrir flugvélar sem eru knúnar skrófuhreyflum, í bindi I, hluta II, köflum 3, 4, 5, 6 og 10 eins og við á;
 - 3. Fyrir þyrllur, í bindi I, hluta II, köflum 8 og 11 eins og við á; og
 - 4. Fyrir hljóðfráar flugvélar, í bindi I, hluta II, kafla 12 eins og við á.

- (b) Viðeigandi losunarkröfum fyrir útgáfu tegundarskírteinis eða takmarkaðs tegundarskírteinis fyrir loftfar og vél er lýst í viðauka 16 Chicago samningsins:
1. Til að koma í veg fyrir eldsneytislosun af ásetningi, í bindi II, hluta II, kafla 2;
 2. Vegna losunar frá þotuhreyflum og þotuvélum ætlaðar eingöngu til knúnings við hljóðseinan hraða í bindi II, hluta III, kafla 2; og
 3. Vegna losunar frá þotuhreyflum og þotuvélum ætlaðar eingöngu til knúnings við hljóðfráan hraða, í bindi II, hluta III, kafla 3.
- (c) Stofnunin skal í samræmi við 14. grein grunnreglugerðarinnar, gefa út, vottunarforskriftir sem sýna á viðeigandi hátt hvernig hávaða- og losunarákvæðum er fylgt eftir eins og tilgreint er í málgreinunum (a) og (b).”

(10) atriði 21A.19 er skipt út fyrir eftirfarandi:

“21A.19 Breytingar sem krefjast nýs tegundarskírteinis eða takmarkaðs tegundarskírteinis

Sérhver maður eða lögaðili sem fyrirhugar að breyta framleiðslu skal sækja um nýtt tegundarskírteini eða takmarkað tegundarskírteini ef stofnunin telur að breytingin á hönnun, afli, kný eða massa er svo mikil að verulega fullgerð rannsókn á samræmi við viðeigandi tegundarskírteinisgrunn er nauðsynleg.”

(11) atriði 21A.21 er skipt út fyrir eftirfarandi:

“21A.21 Útgáfa tegundarskírteinis eða takmarkaðs tegundarskírteinis

Umsækjandi skal hafa rétt á að fá útgefið framleiðslutegundarskírteini eða takmarkað tegundarskírteini fyrir loftfar af stofnuninni þegar hann hefur:

- (a) sýnt fram á getu í samræmi við 21A.14;
- (b) skilað inn yfirlýsingunni sem vísað er til í 21A.20(b); og
- (c) sýnt er fram á að:
 1. Framleiðslan sem votta á sé í samræmi við viðeigandi tegundarskírteinisgrunn og í samræmi við umhverfisverndunarkröfur settar fram í 21A.17 og 21A.18;
 2. Bætt sé upp fyrir öll lofthæfisákvæði sem ekki er farið að með þáttum sem veita samskonar öryggisstig;
 3. Enginn sérkenni eða eiginleikar geri það óöruggt fyrir notkunina sem vottunin er ætluð til; og
 4. Umsækjandi tegundarvottorðsins eða takmarkaða tegundarvottorðsins hafi skýrt lýst yfir að hann sé tilbúinn að fara að 21A.44.
- (d) Þegar um er að ræða tegundarskírteini fyrir loftfar, verða vélin eða hreyfillin, eða bæði, ef til staðar eru í loftfarinu, að hafa tegundarskírteini gefið út eða ákvarðað samkvæmt þessari reglugerð.

- (e) Í tilfalli takmarkaðs tegundarskírteinis verða vélin eða hreyfillin, eða bæði, ef til staðar eru í loftfarinu, að:
1. fá útgefið tegundarskírteini eða ákvarðað samkvæmt þessari reglugerð; eða
 2. Hafa sýnt fram á að samræmis sé gætt við vottunarkröfurnar sem nauðsynlegar eru til að tryggja öruggt flug loftfarsins.”
- (12) atriði 21A.23 er eytt
- (13) í atriði 21A.35, er atriði (a) skipt út fyrir eftirfarandi:
“(a) Flugprófanir í þeim tilgangi að öðlast tegundarskírteini eða takmarkað tegundarskírteini verða að vera framkvæmdar í samræmi við þau skilyrði sem stofnunin setur fyrir slíkar flugprófanir.”
- (14) atriði 21A.41 er skipt út fyrir eftirfarandi:
“21A.41 Tegundarskírteini og takmarkað tegundarskírteini
Tegundarskírteinið og takmarkaða tegundarskírteinið eru bæði talin innifela tegundarhönnun, starfrækslumörk, tegundarskírteinisgögn vegna lofthæfis og losunar, viðeigandi tegundarskírteinisgrunn og umhverfisverndunarkröfur þar sem stofnunin skráir samræmi, sem og öll önnur skilyrði eða takmarkanir sem fyrirskipaðar eru fyrir vöruna í viðeigandi vottunarkröfum og umhverfisverndarkröfum, og í tilfalli takmarkaðs tegundarskírteinis, allar aukatakmarkanir varðandi notkun sem tengjast tilgangi og reglugerðarbrotum við viðauka 8 í Chicago samningnum. Tegundarskírteinið fyrir loftfarið og takmarkaða tegundarskírteinið, að auki, innihalda bæði tegundarskírteinis gagnaskjal vegna hávaða. Vélartegundarskírteinisgagnaskjalið inniheldur skrá um losunarsamræmi.”
- (15) atriði 21A.44 er skipt út fyrir eftirfarandi:
“21A.44 Skyldur handhafa
Allir handhafar tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs skulu:
(a) skuldbinda sig samkvæmt 21A.3, 21A.3B, 21A.4, 21A.55, 21A.57 og 21A.61; og í þeim tilgangi skulu þeir halda áfram að mæta hæfniskröfum varðandi hæfi samkvæmt 21A.14 eða á annan hátt, leitast eftir samþykki stofnunarinnar til notkunar á framkvæmdarleiðum til að koma þessum skyldum í framkvæmd; og
(b) tilgreina merkinguna í samræmi við undirlið Q; og
(c) tilkynna til stofnunarinnar allar bilanir til að uppfylla þær skuldbindingar sem hafa verið lagðar á samkvæmt undirlið B.”
- (16) atriði 21A.47 er skipt út fyrir eftirfarandi:
“21A.47 Framsal
Framsal tegundarskírteinis eða takmarkaðs tegundarskírteinis má eingöngu eiga sér stað til einstaklings eða lögaðila sem getur skuldbundið sig gagnvart 21A.44, og, hvað þetta varðar, hefur sýnt fram á getu sem krafist er samkvæmt 21A.44(a).”
- (17) atriði 21A.51 er skipt út fyrir eftirfarandi:

“21A.51 Gildistími og áframhaldandi gildi

- (a) Gefa skal út tegundarskírteini og takmarkað tegundarskírteini sem gildir í ótakmarkaðan tíma. Það skal halda gildi sínu með fyrirvara um að skírteininu sé ekki afsalað eða afturkallað samkvæmt stjórnsluferli sem komið er á af stofnuninni.
- (b) Í tilfalli afsals eða ógildingar skal skila tegundarskírteininu og takmarkaða tegundarskírteininu aftur til stofnunarinnar."

(18) fyrirsögn liðs E er skipt út fyrir eftirfarandi:

“UNDIRLIÐUR E – VIÐBÓTAR TEGUNDARSKÍRTEINI OG TAKMÖRKUÐ VIÐBÓTAR TEGUNDARSKÍRTEINI”

(19) atriði 21A.111 er skipt út fyrir eftirfarandi:

“21A.111 Umfang

Þessi liður staðfestir ferlið vegna samþykkis á stórvægilegum breytingum á tegundarhönnun sem heyra undir viðbótar tegundarskírteini og vegna samþykkis á stórvægilegum breytingum á loftfari sem heyrir undir takmarkaða viðbótar tegundarskírteinið, og staðfestir réttindin og skyldurnar sem umsækjendur og handhafar þessara skírteina hafa.”

(20) nýjum lið 21A.113.B er bætt inn sem hér segir:

“21A.113B Takmarkað viðbótar tegundarskírteini

- (a) Sækja má um takmarkað viðbótar tegundarskírteini fyrir meiriháttar breytingu á tegundarhönnun loftfars þegar
 1. viðbótar tegundarvottorð eða samþykki vegna stórvægilegra breytinga á ekki við; og
 2. loftfarinu hefur verið breytt fyrir tilgang sem stofnunin samþykkir að krefjist frávika frá nauðsynlegum kröfum viðauka I við grunnreglugerðina.
- (b) Málsgreinarnar 21A.112, 21A.112B, 21A.113, 21A.116, 21A.117, 21A.118A, 21A.118B, 21A.119 og 21A.120 eiga við umsóknir um takmarkað viðbótar tegundarvottorð.
- (c) Viðeigandi vottunarkröfur skulu vera þær sem verða viðurkenndar í samræmi við 21A.101 að frátöldum liðum hinna viðeigandi lofthæfiregla sem stofnunin telur ekki eiga við um þann tilgang sem loftfarið kemur til með að verða notað meðtalið mögulegar aðrar forskriftir.
- (d) Umsækjandi hefur rétt á að fá takmarkað viðbótar tegundarvottorð útgefið af stofnuninni eftir að hafa:
 1. sýnt fram á að hið breytta loftfar sé í samræmi við vottunarkröfur eins og tilgreint er í undirlið (c) hér að ofan sem og viðeigandi umhverfisverndarkröfur með því að:
 - (i) senda stofnuninni gögn málinu til stuðnings sem og öll nauðsynleg lýsandi gögn sem styðja tegundarhönnunina;
 - (ii) lýsa því yfir að fylgni hafi verið gætt hvað varðar viðeigandi vottunarforskriftir og umhverfisverndarsjónarmið og eins með

því að láta stofnuninni í té þau grundvallaratriði sem liggja til grundvallar slíkri yfirlýsingu;

(iii) þar sem umsækjandi er með viðeigandi hönnunarsamþykki stofnunar, sem hefur í för með sér að yfirlýsing undirgreinar (d)(1)(ii) samræmist ákvæðum undirgreinar J;

(iv) í samræmi við 21A.33 og, þar sem á við, 21A.35.

2. sýnir fram á getu í samræmi við 21A.112B;

3. þar sem, undir 21A.113(b), umsækjandinn hefur gert samkomulag við handhafa tegundarvottorðsins,

(i) Handhafi tegundarvottorðs hefur lýst því yfir að hann hefur engin tæknileg andmæli gagnvart upplýsingum veittum samkvæmt 21A.93; og

(ii) Handhafi tegundarvottorðs hefur samþykkt að vinna með handhafa viðbótar tegundarvottorðsins til að koma í veg fyrir allar hindranir vegna áframhaldandi lofthæfis hinnar breyttu vöru í samræmi við 21A.44 og 21A.118A.

4. Þegar um er að ræða loftfar með takmarkað viðbótar tegundarvottorð sem tengist innsetningu vélar eða hreyfils, verður vélin eða hreyfillinn, eða bæði að:

(i) fá útgefið tegundarskírteini eða ákvarðað samkvæmt þessari reglugerð; eða

(ii) vera sýnilega í samræmi við vottunarkröfurnar sem nauðsynlegar eru til að tryggja öruggt flug loftfarsins.

(e) Takmarkaða viðbótar tegundarvottorðið á að tilgreina allar aukalegar takmarkanir fyrir notkun sem tengjast tilganginum.”

(21) lið 21A.118A er skipt út fyrir eftirfarandi:

“21A.118A Skyldur og EPA merking

Allir handhafar viðbótar tegundarvottorðs eða takmarkaðs viðbótar tegundarvottorðs skulu:

(a) taka á sig eftirfarandi skyldur:

1. sem mælt er fyrir um í 21A.3, 21A.3B, 21A.4, 21A.105, 21A.119 og 21A.120;

2. Stuðla að samstarfi við handhafa tegundarvottorðsins samkvæmt 21A.115 (c)(2);

og í þessum tilgangi halda áfram að fullnægja viðmiðunum í 21A.112B

(b) tilgreina skal merkingarnar, þ.á.m. EPA skjölin, í samræmi við 21A.804(a).

(c) tilkynna til stofnunarinnar alla bresti á því að fara að skyldum þeim sem lagðar eru á samkvæmt undirlið E.”

(22) atriði 21A.118B er skipt út fyrir eftirfarandi:

“21A.118B Gildistími og áframhaldandi gildi

- (a) Gefa skal út tegundarskírteini og takmarkað tegundarskírteini sem gildir í ótakmarkaðan tíma. Það skal halda gildi sínu með fyrirvara um að skírteininu sé ekki afsalað eða afturkallað samkvæmt stjórnsluferli sem komið er á af stofnuninni.
 - (b) Í tilfalli afsals eða ógildingar skal skila tegundarskírteininu og takmarkaða tegundarskírteininu aftur til stofnunarinnar."
- (23) lið 21A.173 er skipt út fyrir eftirfarandi:

“21A.173 Flokkun

- (a) lofthæfiskírteini skal gefa út til loftfara sem eru í samræmi við tegundarvottorð sem hafa verið gefin út í samræmi við þennan lið.
 - (b) Takmörkuð lofthæfiskírteini skal gefa út til loftfara:
 - 1. sem eru í samræmi við takmörkuð tegundarskírteini sem hafa verið gefin út í samræmi við þennan hluta; eða
 - 2. sem eru í samræmi við tegundarskírteini sem eru aukin með viðbótar tegundarskírteini sem hafa verið gefin út í samræmi við þennan lið; eða
 - 3. sem hafa sýnt fram á við stofnunina að samræmis sé gætt við sérstakar lofthæfiskröfur sem tryggja fullnægjandi öryggi.”
- (24) atriði 21A.174 er skipt út fyrir eftirfarandi:

“21A.174 Beiting

- (a) Í samræmi við 21A.172 skal sækja um lofthæfiskírteini eða takmarkað lofthæfiskírteini hjá lögbæru yfirvaldi í skráningarríki sem er aðildarríki á þann hátt sem víðtekið er hjá því yfirvaldi.
- (b) Öllum umsóknum um lofthæfiskírteini eða takmarkað lofthæfiskírteini skal fylgja:
 - 1. hvaða flokk lofthæfiskírteinis er sótt um;
 - 2. hvað varðar ný loftför:
 - (i) Samræmisyfirlýsing:
 - gefin út samkvæmt 21A.163(b), eða
 - gefin út samkvæmt 21A.130 og metin af lögbæru yfirvaldi,
 - eða fyrir innflutt loftfar, yfirlýsing undirrituð af lögbæru yfirvaldi þaðan sem loftfarið kemur að loftfarið sé í samræmi við hönnun sem samþykkt er af stofnuninni
 - (ii) Þyngdar og jafnvægisskýrsla með hleðsluskrá.
 - (iii) Flughandbókin og, þegar farið er fram á það, viðeigandi lofthæfisreglur fyrir það ákveðna loftfar.
 - 3. hvað varðar notuð loftför:
 - (i) með uppruna í aðildarríki, lofthæfisskoðunarskírteini gefið út í samræmi við lið M.
 - (ii) Með uppruna í landi sem er ekki aðildarríki:

- yfirlýsing frá hinu lögbæra yfirvaldi ríkisins þar sem loftfarið er, eða var, skráð, þar sem fram kemur lofthæfisstaða loftfarsins við flutning.
 - Þyngdar og jafnvægissskýrsla með hleðsluskrá.
 - Flughandbókin, og ef farið er fram á, með viðeigandi lofthæfisreglum fyrir það ákveðna loftfar.
 - sögulegar skýrslur til að sannreyna framleiðslu-, breytinga- og viðhaldsstaðal loftfarsins, þar á meðal allar takmarkanir sem við eiga um loftfarið samkvæmt reglum þess lands þar sem loftfarið er eða var skráð.
 - tilmæli vegna útgáfu lofthæfisskoðunarskírteinis, eftirfylgjandi lofthæfisendurskoðun í samræmi við lið M.
- (c) Öllum umsóknum fyrir takmarkað lofthæfisskírteini fyrir loftfar þar sem lofthæfisskírteinið hefur orðið ógilt vegna tilkomu takmarkaðs viðbótar tegundarskírteinis skulu fylgja tilmæli vegna útgáfu lofthæfisskoðunarskírteinis eftirfylgjandi lofthæfisendurskoðun í samræmi við lið M.
- (d) Nema annað sé umsamið, skal gefa út yfirlýsingarnar sem talað er um í undirliðum (b)(2)(i) og (b)(3)(ii) ekki meira en 60 dögum áður en loftfar er kynnt fyrir lögbærum yfirvöldum í skráningarríki sem er aðildarríki.”

(25) atriði 21A.177 er skipt út fyrir eftirfarandi:

“21A.177 Breyting eða lagfæring

Lofthæfisskírteini eða takmörkuðu lofthæfisskírteini má aðeins breyta eða afmarka af lögbærum yfirvöldum í skráningarríki sem er aðildarríki.”

(26) atriði 21A.179 er skipt út fyrir eftirfarandi:

“21A.179 Framsal og endurútgáfa innan aðildarríkja

(a) Þar sem eignarhald loftfars hefur breyst:

1. ef það er á sömu skrá skal flytja lofthæfisskírteinið, eða takmarkaða lofthæfisskírteinið ásamt loftfarinu;
2. ef loftfarið er skráð í öðru aðildarríki, skal gefa út lofthæfisskírteinið, eða takmarkaða lofthæfisskírteinið:
 - (i) þegar fyrra lofthæfisskírteinið eða takmarkaða lofthæfisskírteinið og lofthæfisskoðunarskírteini gefið út samkvæmt lið M hefur verið lagt fram, og
 - (ii) þegar 21A.175 hefur verið fullnægt.

(b) Þar sem eignarhald loftfars hefur breyst, og loftfarið er með takmarkað lofthæfisskírteini byggt á hönnunarsamþykki gefnu út eða staðfestu í samræmi við 21A.191, 21A.194A eða 21A.194B skal hönnunarsamþykkið einnig flytjast til hins nýja eiganda.”

(27) atriði 21A.180 er skipt út fyrir eftirfarandi:

“21A.180 Eftirlit

Umsækjandi eða handhafi lofthæfisskírteinis eða takmarkaðs lofthæfisskírteinis skal veita lögbærum yfirvöldum í skráningarríki sem er aðildarríki aðgang að loftfari því sem á að fá lofthæfisskírteini eða hefur fengið, samkvæmt beiðni þeirra.”

(28) atriði 21A.181 er skipt út fyrir eftirfarandi:

“21A.181 Gildistími og áframhaldandi gildi

- (a) Lofthæfisskírteini skal gefið út í ótilgreindan tíma. Það skal halda gildi að tilteknum þessum skilyrðum:
1. samræmi við samþykka hönnun og áframhaldandi lofthæfiskröfur; og
 2. loftfarið skal hafa sömu skráningu; og
 3. tegundarskírteini sem það er skráð undir skal ekki hafa verið ógilt samkvæmt 21A.51.
 4. skírteinið ekki verið látið af hendi, ógilt eða afturkallað
 5. loftfarinu hafi ekki verið breytt í samræmi við takmarkað viðbótar tegundarskírteini.
- (b) Takmarkað lofthæfisskírteini skal gefa út í ótilgreindan tíma. Það skal halda gildi að tilteknum þessum skilyrðum:
1. samræmi við viðeigandi samþykka hönnun og áframhaldandi lofthæfiskröfur; og
 2. loftfarið skal hafa sömu skráningu; og
 3. að hönnunarsamþykkið sem það er gefið út undir hafi ekki áður verið látið af hendi eða ógilt samkvæmt 21A.51, 21A.118B eða 21A191(d) eins og á við; og
 4. skírteinið ekki verið látið af hendi, ógilt eða afturkallað
- (c) við afsal eða afturköllun skal skila skírteininu til lögbærra yfirvalda í skráningarríki sem er aðildarríki.”

(29) atriði 21A.182 er skipt út fyrir eftirfarandi:

“21A.182 Auðkenning loftfars

Öllum umsækjendum um lofthæfisskírteini eða takmarkað lofthæfisskírteini í þessum lið ber að sýna fram á að loftfarið þeirra sé auðkennt í samræmi við undirlið Q.”

(30) nýju atriði 21A.183 er bætt inn í sem hér segir:

“21A.183 Takmarkað lofthæfisskírteini byggt á sérstökum lofthæfisstöðlum – umsókn um hönnunarsamþykki

- (a) Þegar tegundarskírteini og takmarkað tegundarskírteini eiga ekki við skal umsækjandi um takmarkað lofthæfisskírteini byggt á ákveðnum lofthæfisstöðlum hafa rétt á að sækja um hönnunarsamþykki samkvæmt þessari málsgrein.
- (b) Umsækjandi skal sýna fram á hæfi sitt með því að vera með samþykki hönnunarstofnunar sem gefið er út af stofnuninni í samræmi við lið J.

Annars konar leið til að sýna fram á hæfi er að umsækjandi fari fram á við stofnunina að hún samþykki sérstök ferli sem við eiga um hönnunarverklag, aðföng og röð aðgerða sem nauðsynlegar eru og í samræmi við liði 21A.187, 21A.189, 21A.191, 21A.195, 21A.196 og 21A.197.

- (c) Umsókn vegna hönnunarsamþykkis fyrir loftfar sem uppfyllir skilyrði um takmarkað lofthæfisskírteini byggt á ákveðnum lofthæfisstöðlum skal gerð á þann hátt eins og stofnunin ákveður.
- (d) Umsóknin skal innihalda þrívíddarteikningu af loftfarinu og bráðabirgðagrunngögn, þar á meðal tillögð notkunareinkenni og takmarkanir.”

(31) nýju atriði 21A.185 er bætt inn í sem hér segir:

“21A.185 Takmarkað lofthæfisskírteini byggt á sérstökum lofthæfisstöðlum – Tilgreining á sérstökum lofthæfisstöðlum og umhverfisverndarkröfum

- (a) Vegna hönnunarsamþykkis loftfars sem er hæft fyrir takmarkað lofthæfisskírteini byggt á sérstökum lofthæfisstöðlum skal stofnunin tilgreina sérstöku lofthæfisstaðlana til að tryggja fullnægjandi öryggi;
- (b) Viðeigandi umhverfisverndarkröfur og lofthæfisstaðlar eru tilgreindir í 21A.18.”

(32) nýju atriði 21A.187 er bætt inn í sem hér segir:

“21A.187 Takmarkað lofthæfisskírteini byggt á sérstökum lofthæfisstöðlum – Samræmi við sérstaka lofthæfisstaðla og umhverfisverndarkröfur

- (a) Umsækjandi um hönnunarsamþykki fyrir loftfar hæft fyrir takmarkað lofthæfisskírteini byggt á sérstökum lofthæfisstöðlum skal sýna samræmi við sérstöku lofthæfisstaðlana og umhverfisverndarkröfur í samræmi við 21A.185 og skal veita stofnuninni þau gögn sem sýna fram á það samræmi.
- (b) Umsækjandi skal lýsa því yfir að hann hafi sýnt fram á samræmi við sérstöku lofthæfisstaðlana og umhverfisverndarkröfurnar auðkenndar í samræmi við 21A.185.
- (c) Yfirlýsingin í undirlið (b) skal vera gerð í samræmi við ákvæði undirliðar J eða samkvæmt öðrum ferlum til að auðkenna samþykki stofnunar.”

(33) nýju atriði 21A.189 er bætt inn í sem hér segir:

“21A.189 Takmarkað lofthæfisskírteini byggt á sérstökum lofthæfisstöðlum – Hönnunarsamþykki loftfars

Umsækjandi hefur rétt á að fá hönnunarsamþykki loftfarsins útgefið af stofnuninni eftir að hafa:

- (a) skilað inn yfirlýsingunni vísað til í 21A.187(b); og
- (b) sýnt er fram á að:

1. loftfarið sem samþykkja á fullnægi þeim sérstöku lofthæfisstöðlum og umhverfisverndarkröfum lýst í samræmi við 21A.185;
2. enginn þáttur eða einkenni gerir það óöruggt til þeirrar notkunar sem umsóknin fjallar um; og
3. vélin eða hreyfillinn, eða bæði, ef til staðar eru í loftfarinu:
 - (i) Hafa fengið útgefið tegundarskírteini eða ákvarðað samkvæmt þessari reglugerð; eða
 - (ii) eru sýnilega í samræmi við sérstöku lofthæfisstaðlana sem tryggja fullnægjandi öryggi.”

(34) nýju atriði 21A.191 er bætt inn í sem hér segir:

“21A.191 Takmarkað lofthæfisskírteini byggt á sérstökum lofthæfisstöðlum - Skyldur handhafa hönnunarsamþykkisins

- (a) Handhafi hönnunarsamþykkis loftfars skal tilkynna til stofnunarinnar allar bilanir, truflanir, galla eða aðra hluti sem hann veit um sem heyra undir hönnunarsamþykkið og sem hafa eða geta valdið óöruggu ástandi. Þessar skýrslur skulu gerðar á þann hátt sem stofnunin ákveður eins fljótt og auðið er en ekki sendar seinna en 72 klukkustundum eftir auðkenningu hins mögulega óörugga ástands, nema óvenjulegar aðstæður hindri það.
- (b) Þegar atburður sem tilkynntur er eins og lýst er í lið (a) er vegna vankanta í hönnun skal handhafi hönnunarsamþykkisins rannsaka orsök vankantanna og tilkynna niðurstöður þeirrar rannsóknar til stofnunarinnar og til hvaða aðgerða hann er að grípa eða ætlar að grípa til í þeim tilgangi að laga þá vankanta. Ef stofnunin telur að grípa þurfi til aðgerða til að laga vankantanna, skal handhafi hönnunarsamþykkisins afhenda viðeigandi gögn til staðfestingar hjá stofnuninni.
- (c) Handhafi hönnunarsamþykkis loftfars skal:
 1. Varðveita á viðeigandi hátt allar hönnunarupplýsingar, teikningar og prófanaskýrslur til þess að veita nauðsynlegar upplýsingar sem tryggja áframhaldandi lofthæfi og samræmi við viðeigandi umhverfisverndarkröfur loftfarsins.
 2. Búa til, viðhalda eða uppfæra eins við á allar nauðsynlegar handbækur, og, að beiðni, koma afritum til stofnunarinnar.
 3. Búa til, viðhalda eða uppfæra eins við á leiðbeiningum vegna áframhaldandi lofthæfis.”

(35) nýju atriði 21A.192 er bætt inn í sem hér segir:

“21A.192 Takmarkað lofthæfisskírteini byggt á sérstökum lofthæfisstöðlum - Útgáfa á hönnunarsamþykki og takmörkuðu lofthæfisskírteini í tilfellum ógildingar og afsals tegundarskírteinisins

Með undanþágu frá 21A.174, 21A.183, 21A.185, 21A.187 og 21A.189:

- (a) Fyrir loftför þar sem (takmarkaða) tegundarskírteininu er afsalað eða ógilt af ástæðu sem er ekki tengd öryggi hönnunarinnar, getur aðilinn sem er skráður fyrir loftfarinu sótt um hönnunarsamþykki fyrir loftfarið.
 - (b) Umsækjandi fyrir hönnunarsamþykki skal sýna fram á getu með því að vera með hönnunarsamþykki stofnunar, gefið út af stofnuninni í samræmi við lið J. Önnur leið til að sýna fram á getu er að fá samþykki stofnunarinnar vegna notkunar á ferlum sem sýna fram á sérstakar aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að vera í samræmi við málsgreinar 21A.191, 21A.196 og 21A.197.
 - (c) Þegar stofnunin hefur gengið úr skugga um að umsækjandi fullnægi undirlið (b) skal hún gefa út hönnunarsamþykkið fyrir loftfarið sem skal vera (takmarkaða) tegundarskírteinið áður en því var afsalað eða ógilt, að viðbættum þeim lofthæfistilskipunum sem þá eiga við, nema stofnunin ákveði að slíkt hönnunarsamþykki tryggi ekki fullnægjandi öryggi. Ákvæði upprunalega tegundarskírteinisgrunnnsins eru álitin vera sérstakir lofthæfisstaðlar sem hönnunin er samþykkt samkvæmt.
 - (d) Í samræmi við 21A.172, skal umsókn vegna takmarkaðs lofthæfisskírteinis gerð hjá lögbærum yfirvöldum í skráningarríki sem er aðildarríki á því formi sem gildir hjá því yfirvaldi.”
- (36) nýju atriði 21A.193 er bætt inn í sem hér segir:

“21A.193 Takmarkað lofthæfisskírteini byggt á sérstöku lofthæfisstöðlum – Útgáfa takmarkaðs lofthæfisskírteinis sem afleiðing ógildingar tegundarvottorðsins

Með undanþágu frá 21A.174, 21A.183, 21A.185, 21A.187, 21A.189 og 21A.192:

- (a) Vegna loftfars skilgreint í 21A.14(b) þar sem (takmarkaða) tegundarskírteinið er ógilt vegna vöntunar á handhafa tegundarskírteinis, skal litið svo á að hönnunarsamþykki loftfarsins hafi verið gefið út til eiganda loftfarsins. Hönnunarsamþykkið skal samanstanda af (takmarkaða) tegundarskírteininu áður en það var ógilt og þeim þá viðeigandi lofthæfistilskipunum, nema stofnunin ákveði að slíkt hönnunarsamþykki tryggi ekki fullnægjandi öryggi. Ákvæði upprunalega tegundarskírteinisgrunnnsins eru álitin vera hinir sérstöku lofthæfisstaðlar sem hönnunin skoðast samþykkt samkvæmt.
 - (b) Í samræmi við 21A.172, skal umsókn vegna takmarkaðs lofthæfisskírteinis gerð hjá lögbærum yfirvöldum í skráningarríki sem er aðildarríki á því formi sem gildir hjá því yfirvaldi.”
- (37) nýju atriði 21A.195 er bætt inn í sem hér segir:

“21A.195 Takmarkað lofthæfisskírteini byggt á sérstöku lofthæfisstöðlum - Hönnunarsamþykki á innihaldi og lögmæti loftfarsins

- (a) Litið er svo á að hönnunarsamþykki loftfarsins innihaldi:
 1. hönnunarupplýsingarnar;
 2. starfrækslumörkin;

3. Samþykkisblað vegna lofthæfis, hávaða og losunar. Ef vélin er ekki með tegundarskírteini, skal samþykkisblaðið einnig innihalda skýrslu um losunarsamræmi. Samþykkisblaðið skal innihalda upplýsingar um það þegar ekki er farið að ákvæðum viðauka 8 við Chicago samninginn;
 4. Eftir því sem við á, sérstöku lofthæfisstaðlarnir og umhverfisverndarkröfur sem stofnunin skráir samræmi með;
 5. Öll önnur skilyrði eða takmarkanir sem lýst er fyrir loftfarið og, eins og við á, vélna og hreyfilinn, í sérstöku lofthæfisstöðlunum og umhverfisverndarkröfunum; og
 6. allar aðrar takmarkanir varðandi notkun í sambandi við takmarkaða lofthæfisskírteinið.
- (b) Hönnunarsamþykki fyrir loftfar skal gefa út í ótilgreindan tíma. Það skal halda gildi sínu með fyrirvara um að því sé ekki afsalað eða afturkallað samkvæmt stjórnsýsluferli sem komið er á af stofnuninni.
- (c) Við afsal eða afturköllun skal skila staðfestingu á hönnunarsamþykki loftfarsins til stofnunarinnar.”
- (38) nýju atriði 21A.196 er bætt inn í sem hér segir:
- “21A.196 Takmarkað lofthæfisskírteini byggt á sérstökum lofthæfisstöðlum – Samþykki vegna breytinga á hönnun loftfars**
- (a) Breytingar á hönnun loftfars sem hefur fengið útgefið takmarkað lofthæfisskírteini byggt á sérstökum lofthæfisstöðlum skal flokka sem minniháttar og meiriháttar í samræmi við 21A.191.
 - (b) Meiriháttar breytingar verður stofnunin að samþykkja í samræmi við 21A.189.
 - (c) Minniháttar breytingar skulu vera samþykktar af stofnuninni eða viðeigandi samþykktri hönnunarstofnun í samræmi við 21A.189.”
- (39) nýju atriði 21A.197 er bætt inn í sem hér segir:
- “21A.197 Takmarkað lofthæfisskírteini byggt á sérstökum lofthæfisstöðlum – Samþykki vegna hönnunarbreytinga**
- (a) Hönnunarbreytingar vegna loftfars sem hefur fengið takmarkað lofthæfisskírteini byggt á sérstökum lofthæfisstöðlum skal flokka sem minniháttar og meiriháttar í samræmi við 21A.435(a).
 - (b) Meiriháttar hönnunarbreytingar skulu vera samþykktar af stofnuninni í samræmi við 21A.189.
 - (c) Minniháttar hönnunarbreytingar skulu vera samþykktar af stofnuninni eða viðeigandi samþykktri hönnunarstofnun í samræmi við 21A.189.”
- (40) liði (a) í liði 21A.211 er skipt út fyrir eftirfarandi:
1. Samræmi við viðeigandi samþykktu hönnun, umhverfisvernd og áframhaldandi lofthæfiskröfur; og
- (41) atriði 21B.327 er skipt út fyrir eftirfarandi:

“21B.327 Takmarkað lofthæfisskírteini

- (a) Lögbært yfirvald skráningarríkis sem er aðildarríki skal gefa út takmarkað lofthæfisskírteini fyrir:
- nýtt loftfar, við framvísun gagna sem krafist er samkvæmt 21A.174(b)(2) sem sýna að loftfarið samræmist hönnun sem er samþykkt af stofnuninni samkvæmt takmörkuðu tegundarvottorði, samkvæmt tegundarskírteini sem er aukið með takmörkuðu viðbótar tegundarskírteini eða í samræmi við sérstaka lofthæfisstaðla, og sem er í ástandi sem er öruggt til starfsemi.
 - notuð loftför:
 - við sýningu á gögnum sem krafist er samkvæmt 21A.174(b)(3) sem sýna fram á að:
 - loftfarið sé í samræmi við hönnun sem er samþykkt af stofnuninni samkvæmt takmörkuðu tegundarskírteini, samkvæmt tegundarskírteini auknu með takmörkuðu viðbótar tegundarskírteini eða í samræmi við sérstaka lofthæfisstaðla; og
 - farið sé að viðeigandi lofthæfistilskipunum; og
 - loftfarið hefur verið skoðað í samræmi við viðeigandi ákvæði liðar M; og
 - þegar lögbært yfirvald skráningarríkis sem er aðildarríki hefur gengið úr skugga um að loftfarið sé í samræmi við samþykta hönnun og er í ástandi til öruggrar notkunar. Þetta getur falið í sér skoðanir af hálfu lögbærs yfirvalds skráningarríkis sem er aðildarríki.
- (b) Hið lögbæra yfirvald skráningarríkis sem er aðildarríki skal gefa út takmarkað lofthæfisskírteini fyrir notuð loftför þar sem lofthæfisskírteinið er orðið ógilt vegna tilkomu takmarkaðs viðbótar tegundarskírteinis,
- þegar gögn sem krafist er samkvæmt 21A.174(c) eru lögð fram, sem sýna að:
 - loftfarið er í samræmi við hönnun sem samþykkt er af stofnuninni undir tegundarskírteini auknu með takmörkuðu viðbótar tegundarskírteini; og
 - farið sé að viðeigandi lofthæfistilskipunum; og
 - loftfarið hefur verið skoðað í samræmi við viðeigandi ákvæði liðar M; og
 - þegar lögbært yfirvald skráningarríkis sem er aðildarríki hefur gengið úr skugga um að loftfarið sé í samræmi við samþykta hönnun og er í ástandi til öruggrar notkunar. Þetta getur falið í sér skoðanir af hálfu lögbærs yfirvalds skráningarríkis sem er aðildarríki.
- (c) Takmarkaða lofthæfisskírteinið skal tilgreina takmarkanir á notkun skilgreindar í samræmi við 21A.41, 21A.113B(e) eða 21A.195(a)(6).
- (42) nýju atriði 21B.328 er bætt inn í sem hér segir:

21B.328 Takmarkað lofthæfisskírteini byggt á sérstökum lofthæfisstöðlum - Útgáfa á hönnunarsamþykki og takmörkuðu lofthæfisskírteini í tilfellum ógildingar og afsals tegundarskírteinisins

Samkvæmt 21A.192 eða 21A.193 og með frávikum frá 21B.327, skal lögbært yfirvald skráningarríkis sem er aðildarríki gefa út takmarkað lofthæfisskírteini við framlagningu á lofthæfisskírteini sem áður var í gildi, nema það hafi ákveðið að loftfarið sé ekki í samræmi við hönnunarsamþykkið eins og það er skilgreint í 21A.192(c) eða 21A.193(a), eða er ekki í ástandi til öruggar notkunar.